Nd. **494. Breytingartillögur** [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 7. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:
   Í stað „sex mánuði" í 2. mgr. 14. gr. sömu laga komi: fjóra mánuði.
   Í stað „8%" í 5. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972 og 2. gr. laga nr. 60/1973, komi: 10%.

2. Við 9. gr.
   a. Orðin „útsvarsskyldar tekjur" í 4. mgr. B-liðar breytist í: vergar tekjur til skatts.
   b. Orðin „eða skv. 16. gr. laganna" færist úr 2. málslið í 3. málslið 5. mgr. B-liðar og komi fyrir aftan orðið „stafllið".
   c. Orðin „stafliðum a. og b. í" í síðasta málslið 5. mgr. B-liðar falli niður.

3. Við 28. gr.
   a. Við b-lið 1. mgr. bætist á eftir orðunum „samsköttuð hjón" orðin: og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.
   b. Orðin „útsvarsskyldar tekjur" í 3. mgr. breytist í: vergar tekjur til skatts.

4. Við 32. gr.
   a. Í stað „3 000 millj. kr." í 1. málslið komi: 3 800 millj. kr.
   b. Í stað „1 200 millj. kr." í 2. málslið komi: 2 000 millj. kr.